



Norræna ráðherranefndin

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2012 – samantekt





Efnisyfirlit

- 5 **Verkefna- og fjárhagsáætlun 2012**
- 6 Heildarrammí fjárhagsáætlunar og skipting fjárveitinga á fagsvið
- 8 Meginþættir fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012
- 8 Forgangs röðun ráðherranefndarinnar
- 15 Samráð við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun fyrir árið 2012
- 15 Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna
- 16 Áætlað framlag frá löndunum í gjaldmiðli hvers lands
- 16 Staðan í verkefnaumsjón Norrænu ráðherranefndarinnar
- 17 **Þróun fjárhagsáætlana og lausafjárstöðu Norrænu ráðherranefndarinnar**
- 17 Þróun óráðstafaðs fjármagns á tímabilinu 2006–2010
- 19 Óráðstafað fjármagn í árslok á tímabilinu 2007–2010
- 20 Þróun lausafjárstöðu
- 22 Fylgiskjal 1: Fjárveitingar til norrænna stofnana í gjaldmiðli viðkomandi lands
- 23 Fylgiskjal 2: Yfirlit yfir alla liði fjárhagsáætlunarinnar
- 30 Fylgiskjal 3: Gengi gjaldmiðla og verðbólgustig 2012

Norræna ráðherranefndin
Verkefna- og fjárhagsáætlun 2012 – samantekt

ANP 2011:743

© Nordisk Ministerråd, København 2012

ISBN 978-92-893-2299-7

Tryk: Scanprint

Omslag: Scanprint A/S

Layout: Scanprint A/S

Oplag: 250

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar umhverfiskröfur og má merkja með svaninum, norræna umhverfismerkinu.

Ritið má panta á www.norden.org/order.

Fleiri rit eru á www.norden.org/publikationer



Printed in Denmark

Nordiska ministerrådet

Ved Stranden 18

DK-1061 København K

Telefon (+45) 3396 0200

www.norden.org


Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið byggir á landfræðilegri legu, sameiginlegri sögu og menningu og nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlandanna í sterkri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlandanna og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2012



Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2012 liggur nú fyrir.

Fjárhagsáætlunin er samin samkvæmt verklagsreglum norrænu samstarfsráðherranna. Frá því sumarið 2007 hafa viðbrögð vegna hnattvæðingarinnar verið stefnumótandi fyrir starf Norrænu ráðherranefndarinnar. Vegna hnattvæðingarverkefnanna hefur áhersla á hnattrænar áskoranir í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar aukist og á það ekki einungis við um það fjármagn sem varið er í verkefni og samstarfsráðherrarnir ráðstafa, en þau hafa einnig haft áhrif á starf fagráðherranefndanna. Jafnframt hefur þetta leitt til nánara þverfaglegs samstarfs fagráðherranefndanna.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 eru fjárveitingar til hnattvæðingarverkefna óbreyttar miðað við árið 2011.

Tæpar 74 millj. DKK skiptast á milli þeirra hnattvæðingarverkefna sem þegar eru á fjárhagsáætlun. Talið er að fjármagn og umsýsla nýtist best með því að leggja áherslu á framhald/frekari þróun velheppnaðra verkefna sem þegar eru hafin.

Forsætisráðherrarnir hafa kosið að leggja áherslu á „grænan hagvöxt“. Grænn hagvöxtur var þema hnattvæðingarþingsins árið 2010 og í formennskuáætlun

Finna fyrir árið 2011 er lögð áhersla á loftslagsmál sem meginþema fyrir starf Norrænu ráðherranefndarinnar.

Í árlegu samráði um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í haust komu Norðurlandaráð og ráðherranefndin sér saman um málamiðlunartillögu sem báðir aðilar eru sáttir við. Málamiðlunin hefur ekki áhrif á upphæðir á fjárlagaliðunum, en breytingum sem hafa í för með sér hækkun fjárveitinga, er mætt með því að nota fjármagn sem ekki hefur verið nýtt frá fyrri árum.

Í kjölfar harmleiksins í Osló og á Útey í júlí 2011 leggur ráðherranefndin kapp á að tryggja og vernda hin opnu lýðræðislegu samfélög á Norðurlöndum. Gripið verður til aðgerða á mörgum sviðum og mun hver og ein ráðherranefnd, þar sem það á við, skoða nánar hvort og hvernig hún getur lagt þessu starfi lið.

Kaupmannahöfn, 16. nóvember 2011

Halldór Ásgrímsson
frankvæmdastjóri



Heildarrammi fjárhagsáætlunar og skipting fjárveitinga á fagsvið

Heildarrammi fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2012 nemur samtals **961.472 þús. DKK** og er það óbreyttur rammi að raungildi miðað við árið 2011.

Rammann má skilgreina á eftirfarandi hátt:



HEILDARRAMMI	ÞÚS. DKK
Samþykktur fjárhagsrammi fyrir árið 2012 á verðlagi ársins 2011	934.716
Áhrif verðbólgu milli ára	9.968
Áhrif gengisbreytinga milli ára	16.788
Samtals á verðlagi ársins 2012	961.472

Við heildarrammann fyrir árið 2012 (á verðlagi ársins 2011) þarf að bæta áhrifum vegna áætlaðrar verðbólgu og breytinga á gengi samkvæmt þeim verðlagsstuðlum og gengi gjaldmiðla sem sjá má í fylgiskjali 3 og fæst þá heildarrammi fjárhagsáætlunar fyrir Norrænu ráðherranefndina árið 2012.

Vegna framreiknings í fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 koma til verðbætur að upphæð 9.968 þús. DKK, eða sem svarar til hækkunar um 1,1 %. Umreikningur á fjárveitingum til stofnananna í gjaldmiðli viðkomandi lands yfir í DKK hækkar fjárhagsáætlunina um 16.788 þús. DKK. Rétt er að árétta að þetta hefur engin raunveruleg áhrif á upphæð fjárhagsáætlunarinnar (og framlag landanna) eða á upphæð fjárveitinga til stofnananna. Gengi gjaldmiðla er eingöngu notað til að umreikna fjárveitingar til stofnana yfir í DKK, en þær eru greiddar út í gjaldmiðli landsins þar sem stofnunin hefur aðsetur.

Á næstu blaðsíðu má sjá hvernig heildarrammi fjárhagsáætlunarinnar skiptist á fjárhagsramma fagsviðanna árið 2012.

**SAMANBURÐUR Á FJÁRHAGSÁÆTLUNUM FYRIR ÁRIN 2012 OG 2011 (á verðlag hvers árs í þús. DKK)**

	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2012	HLUT- DEILD	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2011	HLUT- DEILD	+/-	MISMUNUR %
Hnattvæðingarverkefni	73.724	7,7 %	72.420	7,7 %	1.304	1,8 %
MR-Kultur, MR-FJLS, MR-Ligestilling	219.480	22,8 %	212.128	22,7 %	7.353	3,5 %
Menningarmál	169.973	17,7 %	166.751	17,8 %	3.222	1,9 %
Sjávarútvegur, landbúnaður, skógrækt og matvæli	40.551	4,2 %	36.733	3,8 %	3.818	10,4 %
Jafnréttismál	8.957	0,9 %	8.644	0,9 %	313	3,6 %
MR-U, MR-S	274.903	28,6 %	265.383	28,4 %	9.520	3,6 %
Menntun og rannsóknir	235.093	24,5 %	227.642	24,4 %	7.451	3,3 %
Félags- og heilbrigðismál	39.810	4,1 %	37.741	4,0 %	2.069	5,5 %
MR-NER, MR-Miljø, MR-A, MR-Finans	181.481	18,9 %	175.097	18,7 %	6.384	3,6 %
Atvinnu-, orku- og byggðamál	121.546	12,6 %	116.272	12,4 %	5.274	4,5 %
Umhverfismál	44.586	4,6 %	43.797	4,7 %	789	1,8 %
Vinumarkaður og vinnuvernd	13.527	1,4 %	13.238	1,4 %	289	2,2 %
Efnahags- og fjármál	1.822	0,2 %	1.790	0,2 %	32	1,8 %
MR-Lov	1.393	0,1 %	1.368	0,1 %	25	1,8 %
Löggjafarmál	1.393	0,1 %	1.368	0,1 %	25	1,8 %
Samstarfsráðherrar	210.491	21,9 %	208.320	22,3 %	2.171	1,0 %
Samstarf við grannsvæðin	95.147	9,9 %	93.215	9,7 %	1.932	2,1 %
Skrifstofa ráðherranefndarinnar	79.220	8,2 %	77.119	8,3 %	2.101	2,7 %
Önnur samnorræn starfsemi	36.124	3,8 %	37.986	4,1 %	- 1.862	- 4,9 %
SAMTALS	961.472	100,0 %	934.716	100,0 %	26.757	2,9 %

Skiptingu heildarramma á fjárlagaliðina í DKK má sjá í fylgiskjali 2.



Meginþættir fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012

Norræna ráðherranefndin er vettvangur formlegs samstarfs ríkisstjórna norrænu landanna. Starf ráðherranefndarinnar byggist á Helsingfors-samningnum, sem síðast var endurskoðaður árið 1995.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda (MR-SAM) bera ábyrgð á að samræma störf ráðherranefndarinnar. Samstarfið fer fram í tíu fagráðherranefndum.

Löndin skiptast á að fara með formennsku Norrænu ráðherranefndarinnar eitt ár í senn og taka Norðmenn við formennsku af Finnum árið 2012.

Framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar leggur tillögu að fjárhagsáætlun fyrir samstarfsráðherrana. Tillagan byggist á ramma fjárhagsáætlunar sem samstarfsráðherrar samþykkja í febrúar og er hún unnin í nánu samráði við fagráðherranefndirnar. Tillaga samstarfsráðherranna að fjárhagsáætlun er samþykkt í september á grundvelli tillögu framkvæmdastjórans og umsagnarferlis í löndunum. Að höfðu samráði við Norðurlandaráð samþykkja samstarfsráðherrarnir endanlega fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 í október.

Hér fer á eftir lýsing á forgangsröðun einstakra fagsviða Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2012.

Forgangsröðun ráðherranefndarinnar

Hnattvæðingarverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar hefur verið í fullum gangi og verið meginforgangsmál hjá ráðherranefndinni allt frá fundi forsætisráðherranna í Punkaharju í Finnlandi árið 2007. Afrakstur fundarins var svokallað „hnattvæðingarverkefni“ en á það ber að líta sem norrænt átak til að bregðast við hnattrænum áskorunum með því að þróa norræna samfélagsgerð, auka samkeppnishæfni og kynna og gera Norðurlönd sýnilegri sem svæði í fararbroddi.

Til að vinna að markmiðum hnattvæðingarverkefnisins hefur frá árinu 2008 verið komið á fót 22 verkefnum á vegum ráðherranefndarinnar og eru 14 þeirra á fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 með hnattvæðingarfjárveitingu samstarfsráðherranna. Markmið verkefnanna er fyrst og fremst að efla sameiginlegar norrænar aðgerðir til að styðja viðleitni norræna fyrirtækja, stækka norrænan heimamarkað, auka þekkingarmiðlun og efla samkeppnishæfni Norðurlanda til frambúðar.

Við skiptingu hnattvæðingarfjárveitingar samstarfsráðherranna var nauðsynlegt að forgangsraða, því upphæðirnar sem farið var fram á reyndust 55 % hærrí en samþykktur rammí, sem nam 73,7 millj. DKK. Forgangsröðunin er gerð á grundvelli „norræns notagildis“ verkefnanna í samræmi við markmið í fréttatilkynningunni frá Punkaharju, yfirlýsingu frá Riksgränsen, yfirlýsingu norrænu forsætisráðherranna um loftslagsmál frá júní 2009 og annarra yfirlýsinga forsætisráðherranna og samstarfsráðherranna. Ennfremur var verkefnum sem fela í sér þverfaglegt samstarf og sem njóta sérstaks stuðning í löndunum veittur forgangur og einnig var tekið tillit til möguleika verkefnanna til að afla mótframlaga frá aðilum utan ráðherranefndarinnar. Þá var einnig lagt mat á verkefnið út frá norrænu kynningargildi þeirra.

Hnattvæðingarfjárveiting samstarfsráðherranna sem nemur 73,7 millj. DKK skiptist á milli verkefna sem þegar eru hafin auk þess sem skiptingin tók mið af starfi norræns átakshóps um grænan hagvöxt. Til að fylgja eftir og þróa enn frekar tilmæli átakshópsins er 8,1 millj. DKK veitt til fjárlagaliðarins Hnattvæðingarþing og af þeirri upphæð eru 4,3 millj. DKK eyrnamerkar til að fylgja eftir tilmælum norræna átakshópsins um grænan hagvöxt.

Á eftirfarandi yfirliti má sjá fjárveitingar til hnattvæðingarverkefna norrænu ráðherranefndarinnar á tímabilinu 2008–2012. Hnattvæðingarskýrsluna er að finna á www.norden.org/globalisering.



HNATTVÆÐINGARVERKEFNI – Á VEÐLAGI HVERS ÁRS Í ÞÚS. DKK

	Fjárhags- áætlun 2008–2009	Fjárhags- áætlun 2010	Fjárhags- áætlun 2011	Fjárhags- áætlun 2012
1. Þing um viðbrögð vegna hnattvæðingar*	8.236	4.068	3.876	8.144
2. Norrænar öndvegisrannsóknir (TFI)	40.996	7.119	0	2.036
3. Nýsköpunarmiðstöðvar í Asíu	1.635	2.644	2.040	1.527
4. Norræn nýsköpunarverðlaun	1.332	0	0	0
5. Sameiginleg norræn kynning á orkumálum (EnergiExpo)	9.344	0	0	0
6. Heimssýningin í Sjanghæ 2010	2.564	2.543	0	0
7. Þátttaka Norðurlanda í samningum um loftslagsmál	9.128	0	0	0
8. Afnáam stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum	4.064	2.034	1.326	1.446
9. Þróun Norræna rannsókn- og nýsköpunarsvæðisins (NORIA)	6.628	3.560	3.570	2.036
10. Efling æðri menntunar á Norðurlöndum	17.288	2.034	6.120	6.108
11. Áætlun um fræðslu ungs fólks og fullorðinna	4.018	3.763	2.040	2.036
12. Athugun á áhrifum loftslagsbreytinga á náttúruauðlindir á Norðurlöndum	7.286	6.102	4.794	4.072
13. Samræming norræns raforkumarkaðar	400	0	0	1.527
14. Þróun og kynning á Norðurlöndum sem miðstöð skapandi atvinnugreina	5.309	2.848	0	0
15. Norræn menning í heiminum	2.000	0	0	0
16. Menning og sköpunarkraftur **	0	5.075	7.140	6.108
17. Heilsa og velferð	0	8.627	13.260	13.234
18. Rafræn vísindi (eScience)	0	7.105	8.772	8.144
19. Orku- og samgöngumál ***	0	7.765	11.832	9.162
20. Nordic perspectives on carbon market mechanisms (CDM/JI)	0	761	0	0
21. Loftslagsvænar byggingar	0	1.015	7.650	8.144
22. Samningar um kvikasilfur	0	4.060	0	0
Framlag til Íslands ****	3.312			
SAMTALS	123.540	71.123	72.420	73.724

*Á fjárveitingu til hnattvæðingarþings á fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 eru 4,3 millj. DKK eyrnamerktar til að fylgja eftir starfi norræns átakshóps um grænan hagvöxt.

** Þróun verkefnis nr 14 „Þróun og kynning á Norðurlöndum sem miðstöð skapandi atvinnugreina“.

*** Heiti fjárlagaliðarins var breytt á árinu 2011 í „Menning og sköpunarkraftur“.

**** Frá árinu 2011 verður verkefni nr. 5, „Sameiginleg norræn kynning á orkumálum (EnergiExpo)“ einnig fylgt eftir.

***** Er ekki hnattvæðingarverkefni, en var fjármagnað að hluta til með hnattvæðingarfjármagni.

Ráðherranefnd um menningarmál (MR-K) fæst við fjölbreytt málefni og aðgerðir, allt frá alþýðlegu félagsstarfi til vinnu einstakra listamanna. Miklar breytingar hafa verið gerðar á uppbyggingu norræns menningarsamstarfs á undanföllum árum með það að markmiði að gera

samstarfið gegnsærra og sveigjanlegra. Breytingunum er stöðugt fylgt eftir og mati á menningarsamstarfinu lauk á árinu 2011. Niðurstöður mats á breytingunum sem gerðar voru fyrir fjórum árum, eru að breytingar á norrænu menningarsamstarfi hafi í meginatriðum tekist



vel, reynslan hafi verið jákvæð og að einungis sé þörf á smávægilegum leiðréttingum.

Mikilvægasta stjórnækið á menningarsviði er áætlunin „Norrænt menningarsamstarf – markmið og framtíðarsýn“ ásamt verkáætlun. Áætlunin um norrænt menningarsamstarf á tímabilinu 2010–2012 felur í sér 6 forgangsbæmu:

1. Skapandi Norðurlönd – svar við hnattvæðingunni.
2. Norrænn málskilningur.
3. Menning fyrir börn og ungmenni.
4. Menningarleg fjölbreytni.
5. Norrænn menningararfur.
6. Formennskuáætlun ráðherranefndarinnar á menningarsviði.

MR-K fæst við skapandi greinar á mörgum sviðum, bæði í gegnum hópinn KreaNord og með þátttöku í þróun menningarsamstarfs innan Norðlægu víddarinnar. Áætlanir MR-K og Norræni menningarsjóðurinn, Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn og norrænu húsin og stofnanirnar gegna mikilvægu hlutverki í frekari þróun menningar- og fjölmiðlasamstarfs. Menningarverðlaun Norðurlandaráðs eiga þátt í að gera menningarsamstarfið sýnilegra almenningi, bæði á Norðurlöndum og annars staðar í heiminum.

Ráðherranefnd um menntamál og rannsóknir (MR-U) ber ábyrgð á samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði menntunar, rannsókna og málstefnu, og ráðherranefndin samræmir einnig samstarf á sviði upplýsingatækni og ferðastyrkja. MR-U tekur mikinn þátt í viðbrögðum Norrænu ráðherranefndarinnar við hnattvæðingu.

Á rannsóknarsviði ber MR-U meginábyrgð á hnattvæðingarverkefninu „Norrænar öndvegisrannsóknir“, sem er starfrækt í nánu samstarfi við ráðherranefndina um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER). Á árinu 2012 er ætlunin að styðja við framkvæmd Öndvegisrannsóknaverkefnisins á sviði orku-, loftslags- og umhverfismála (TFI). Hnattvæðingarverkefni „Þróun Norræna rannsókna- og nýsköpunarsvæðisins (NORIA)“, „Efling æðri menntunar á Norðurlöndum“ og „Góð

menntun fyrir ungt fólk og fullorðna“ ásamt verkefninu „Rafræn vísindi (eScience)“ munu halda áfram á árinu 2012. MR-U tekur einnig þátt í hnattvæðingarverkefninu um heilsu og velferð með því að bera meginábyrgð á hlutaverkefninu um næringu, fræðslu og heilsu.

Nordplus-áætlanirnar eru, ásamt Öndvegisrannsóknaverkefninu (TFI), umfangsmestu áætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar. Á árinu 2012 mun framkvæmd nýju Nordplus-áætlunarinnar og frekari kynning hennar ásamt miðlun góðrar reynslu og niðurstaðna vera meginforgangsmál.

Norræna rannsóknaráðið (NordForsk) gegnir mikilvægu hlutverki í hnattvæðingarstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar, í framkvæmd Norræna rannsókna- og nýsköpunarsvæðisins (NORIA) og í því að koma á fót samnorrænu rannsóknarumhverfi og rannsóknarnámi á heimsmælikvarða.

Á árinu 2012 mun athyglin enn beinast að því að efla skilning barna og ungmenna á dönsku, norsku og sænsku, meðal annars með því að miðla þekkingu og niðurstöðum sérstaks tungumálverkefnis sem Norræna ráðherranefndin stóð fyrir á tímabilinu 2010–2011.

Ráðherranefnd um vinnumál (MR-A) ber ábyrgð á samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnu- og vinnumarkaðsmál ásamt vinnuvernd og vinnurétti. Í samstarfsáætlun MR-A fyrir tímabilið 2009–2012 er lögð áhersla á hnattvæðingu og lýðþróun og mun samstarfið einkum beinast að þeim málaflokkum. Ennfremur munu loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á vinnumarkaðinn fá auknið vægi í samstarfinu.

Meginmarkmið norræns samstarfs á vinnumálasviði er að efla skilvirkan norrænan vinnumarkað á samkeppnisfærum Norðurlöndum. Meðal markmiða er að tryggja nægilegt hæft og sveigjanlegt vinnuafli, að þróa áfram háa norræna staðla á vinnuverndarsviði, að styrkja jafnvægi milli launþegaverndar og sveigjanleika og að efla jafnrétti og jafna stöðu á vinnumarkaði. Með þessi markmið að leiðarljósi mun samstarfið á vinnumálasviði árið 2012 beinast að framkvæmd tveggja hnattvæðingarverkefna

undir yfirskriftunum: „Erlendir starfsmenn á Norðurlöndum: Samanburðargreiningar á starfskjörum, vinnuvernd og ráðningarforsendum“ og „Efling tækifæra Norðurlanda til að nýta sér ný hagvaxtarsvæði“.

Samstarfið mun jafnframt beinast að forgangsmálum formennskuáætlunar Norðmanna og þemum á sviði vinnumála.

Yfir helmingur af fjárveitingum MR-A mun áfram fara til stofnunarinnar NIVA í Helsinki, skiptiáætlunarinnar Nordjobb og til miðlunar upplýsinga um norræn vinnumál á heimasíðunni www.arbeidslivinorden.org og í rafrænum fréttabréfum.

Ráðherranefnd um umhverfismál (MR-M) leggur áherslu á að vernda og bæta umhverfi og lífsgæði á Norðurlöndum, hafa áhrif á svæðisbundið og alþjóðlegt samstarf og þátttöku í að koma í framkvæmd stefnu Norðurlanda um sjálfbæra þróun, sem og stefnu um loftslagsmál og hættuleg efni á norðurslóðum.

Umhverfissvið hefur valið að leggja megináherslu á eftirfarandi fjóra málaflökka: Loftslag og loftgæði, hafið og strandsvæði, líffræðilega fjölbreytni og þjónustu vistkerfa ásamt sjálfbærri neyslu og framleiðslu. Þverfaglegt samstarf fer fram eftir þörfum til að efla samþættingu umhverfissjónarmiða við fagsviðin.

Samstarf á umhverfissviði markast einnig af forgangsroðun í formennskuáætlun Norðmanna fyrir árið 2012 og hnattvæðingarverkefnum norrænu forsætisráðherranna, einkum um grænan hagvöxt með Ríó+20 ráðstefnunna í huga. Framlag umhverfissviðs mun meðal annars verða í formi norræns samstarfs um þjónustu vistkerfa.

Í samstarfi á umhverfissviði verður lögð áhersla á að fylgja eftir samningum Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál og á starf að vistfræðilegri stjórnun haf- og strandsvæða og ofauðgun og hættuleg efni í vistkerfum hafsins. Norrænar umhverfismerkingar og Svanurinn verða í brennidepli. Norræna umhverfissfjármögnunarfélagið (NEFCO) mun styðja við samstarf norrænu landanna um umhverfismál á alþjóðavettvangi og samstarf við svæðisbundin samtök eins og Norðurskautsráðið, Barentsráðið og

HELCOM en einnig á vettvangi ESB og á heimsvísu, t.d. í umhverfismálaáætlun Sameinuðu þjóðanna UNEP.

Ráðherranefnd um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) hefur að framtíðarsýn að tryggja samkeppnishæf Norðurlönd, en sjálfbær nýting lifandi náttúruauðlinda tekur tillit til þarfa mannsins fyrir lífsgæði og örugg matvæli og á þátt í jákvæðri hnattrænni þróun. Þessari framtíðarsýn er fylgt eftir með rammaáætlun sem gildir fyrir tímabilið 2009–2012 en þar er unnið með sex áherslusvið.

Rammaáætlun fyrir MR-FJLS 2009–2012 á því að

- eiga þátt í þróun samkeppnishæfrar framleiðslu
- styrkja forsendur norrænu landanna til að takast á við loftslagsbreytingar og þær áskoranir sem þeim fylgja
- tryggja fjölbreytni erfðalinda fyrir komandi kynslóðir
- styrkja sjálfbæra þróun strandsvæða og landsbyggðar á Norðurlöndum og menningar á þessum svæðum
- þróa norrænt velferðarsamfélag með áherslu á lýðheilsu og dýravernd og
- eiga þátt í að skapa sameiginlegu gildismati hljómgrunn á alþjóðlegum vettvangi

Formennskuáætlun Norðmanna fyrir árið 2012 styður við rammaáætlunina.

Ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál (NR-NER) mun á árinu 2012 gegna miðlægu hlutverki í að viðhalda og þróa norræna samkeppnishæfni. Þróun grænnar hagvaxtarstefnu verður miðlægt markmið í öllum norrænu löndunum og MR-NER mun taka þátt í þessu starfi á norrænum vettvangi til að stuðla að því að tryggja sjálfbæra samfélög á Norðurlöndum. Grænn hagvöxtur verður miðlægt þema á dagskrá þessara sviða á árinu 2012.

Með samstarfsáætlun sinni um nýsköpun og atvinnumál 2011–2013 mun MR-NER tryggja aukna áherslu á nýsköpun, frumkvöðlastarfsemi og sjálfbæra atvinnuþróun. Með sex kyndilverkefnum sem eiga að skapa raunhæfar niðurstöður mun atvinnusviðið vinna að því að Norðurlönd verði forystusvæði nýsköpunar á sviði græns hagvaxtar og velferðar.



Með samstarfsáætlun á sviði orkumála fyrir 2010–2013, stuðlar MR-NER að því að tryggja stöðugt orkuframboð og sjálfbæran hagvöxt og velferð fyrir íbúa á Norðurlöndum. Norrænt samstarf á orkusviði á að nýtast til markaðssetningar á norrænum styrk á sviði orkumála heimsins og vinna markvisst að því að byggja upp skilvirkan orkumarkað með loftslagsvænum orkukerfum, þróun umhverfissvænna samgangna, orkunýtni og notkun endurnýjanlegra orkugjafa.

Með samstarfsáætlun sinni í byggðamálum fyrir tímabilið 2009–2012, vill MR-NER tryggja byggðapróun á Norðurlöndum með áherslu á áskoranir hnattvæðingar og samstarf landamærasvæða, reynslumiðlun og uppbyggingu þekkingar, ásamt þróun nýrrar stefnu í byggðamálum. Í byggðamálum verður leitast við að tryggja samlegðaráhrif gagnvart orku- og atvinnumálum.

Á árinu 2012 verður samin ný samstarfsáætlun á sviði byggðamála fyrir tímabilið 2013–2016.

Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S) byggir samstarf sitt á sviði félags- og heilbrigðismála á sameiginlegum gildum sem beinast að þróun norræna velferðarkerfisins út frá evrópsku/hnatrænu sjónarhorni, þ.m.t. afnám stjórnsýsluhindrana milli norrænu landanna.

MR-S tekur af heilum hug þátt í norrænu starfi vegna hnattvæðingar og leggur áherslu á þróun sjálfbærs norræns velferðarkerfis og setur sjálfbærni og samkeppnishæfni norræna velferðarkerfisins á oddinn. Á árinu 2012 er markmiðið að efla sem fyrr heildrænar þverfaglegar aðgerðir til að viðhalda góðri umgjörð hlutaverkefnanna sjö sem einkum lúta að 1) aðlögun hópa sem standa höllum fæti á vinnumarkaði og 2) heilsuefningu og forvörnum.

Sem lið í pólitískri forgangsroðun og til að tryggja sýnilegan og mælanlegan árangur hefur MR-S fyrir árið 2012 veitt forgang þemanu *Tímanleg inn grip vegna fjölskyldna sem af ýmsum ástæðum er hætt við að lenda á jaðri samfélagsins*. Stærsta áskorunin á þessu sviði er að tryggja meiri þátttöku almennings og frjálsra félagasamtaka í forvarnaaðgerðum og að tryggja öflugar

og skilvirkar þverfaglegar aðgerðir þar sem stofnanir vinna saman.

MR-S mun sem áður beina athyglinni að þróun heilbrigðiskerfa á Norðurlöndum og hefur að markmiði að gera Norðurlönd að forystusvæði á þessum sviðum og bregðast jafnframt við áhrifum hnattvæðingar á heilbrigðissviði.

Ráðherranefnd um efnahags- og fjármál (MR-FINANS) tekur þátt í samstarfi á sviði efnahags- og fjármála um að skapa forsendur til ná grundvallarmarkmiðum í efnahagsmálum, um stöðuga og heilbrigða efnahagsþróun með háu atvinnustigi og stöðugum hagvexti.

Málefni sem snerta Evrópusambandið hafa sem fyrr forgang í samstarfi á sviði efnahags- og fjármála. Haft er kerfisbundið samráð og samstarf um málefni sem varða Evrópusambandið á sviði efnahags- og fjármála. Málefni sem snerta ESB og fjallað verður um á vettvangi Efnahags- og fjármálaráðsins (Ecofin) munu verða ofarlega á baugi. Önnur viðfangsefni sem gert er ráð fyrir að verði veigamiklir þættir starfsins á sviðinu á árinu 2012 eru eftirfylgni afnáms stjórnsýsluhindrana milli norrænu landanna, kerfisbundið samráð og samstarf um skattamál og áframhaldandi samstarf til að samþætta efnahagsmálin í norræna stefnu um sjálfbæra þróun á skýran hátt. Tímaritið „Nordic Economic Policy Review“ kom út í fyrsta skipti í júní 2010 og er forgangsmál hjá Embættismannanefnd um efnahags- og fjármál (EK-Finans) en ritið veitir hvatningu í stefnumörkun í efnahagsmálum. Tímaritið verður metið í lok ársins 2011. Viðleitni til að koma í veg fyrir skattsvik með sameiginlegum norrænum samningum við aflandsfjármálamiðstöðvar hófst árið 2006 og hefur borið góðan árangur en áætlað er að því starfi ljúki í júní 2012.

Ráðherranefnd um jafnréttismál (MR-Ligestilling) starfar á grundvelli samstarfsáætlunarinnar *Jafnrétti skapar sjálfbært samfélag – Norrænt samstarf um jafnréttismál 2011–2014*. Ráðherranefndin hefur virkjað fjölda aðila í samfélaginu í umfjöllun um efni áætlunarinnar, bæði meðal almennings, frjálsra félagasamtaka og stjórnvalda

á Norðurlöndum, í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi.

Stefnt er að því að norrænt jafnréttissamstarf á árinu 2012 verði í fararbroddi í heiminum og öðrum löndum fyrirmynd. Jafnrétti er þáttur í ímynd Norðurlanda og grundvöllur lýðræðis og þróunar velferðarsamfélaga okkar. Framtíðarsýn norræns jafnréttissamsarfs er að vera öðrum fyrirmynd og kynna á alþjóðlegum vettvangi hvernig við á Norðurlöndum tökumst á við áskoranir hnattvæðingar einmitt með því að fylgja jafnréttisstefnu sem tryggir sjálfbær samfélög til framtíðar.

Forgangsröðun í samstarfsáætluninni fyrir tímabilið 2011–2014 birtist í árlegum verkáætlunum Ráðherranefndar um jafnréttismál, en þær og samstarfsáætlunin eiga að tryggja að umönnun, vald og áhrif skiptist jafn milli allra kvenna/stúlkna og karla/drengja og að konur/stúlkur og karlar/drengir búi við sömu réttindi, skyldur og tækifæri á öllum sviðum samfélagsins á öllum æviskeiðum. Forsenda jafnréttissamfélags er að það sé laust við hverskonar kynbundið ofbeldi og annað misrétti. Virk þátttaka karla og drengja í jafnréttisstarfi er forsenda þess að markmið um raunverulegt jafnréttissamfélag sem einkennist af fjölbreytileika náist.

Ráðherranefnd um lagasamstarf (MR-Lov)

Norrænt samstarf um löggjafarmál hófst í lok 19. aldar en samnorræn réttarhefð á sér mun eldri sögu. Lagalegur grundvöllur samstarfsins byggir á Helsingfors-samningnum frá árinu 1962.

Samstarfi um löggjafarmál er ætlað að stuðla að samræmingu meginreglna í norrænni löggjöf í samræmi við sameiginleg norræn gildi. Samstarf á lagasviði veitir jafnframt tækifæri til að skapa sameiginlega norræna stefnu í evrópsku löggjafarsamstarfi og við innleiðingu ESB/EES-löggjafar og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.

Samstarf á löggjafarsviði byggir á Helsingfors-samningnum og samstarfsáætlunum löggjafarsviðs en þær eru uppfærðar reglulega með formennskuáætlunum og einstökum verkefnum.

Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) munu sem fyrr m.a. leggja áherslu á aukið samstarf við grannsvæðin, starf til að fyrirbyggja og afnema stjórnsýsluhindranir, hnattvæðingarverkefni og sjálfbæra þróun.

Aukið samstarf við grannsvæðin hefur að markmiði að efla sameinaðan styrk svæðisins með sérstakri áherslu á Eystrasaltssvæðið. Samstarf við nágretta okkar í vestri, einkum Kanada, er einnig orðið mikilvægt og á grundvelli samstarfsáætlunar um málefni Norðurskautsins munu aðgerðir á og fyrir Norðurskautssvæðið halda áfram. Í samráði við Norðurlandaráð munu samstarfsráðherrarnir þróa samstarf við grannsvæði, form þess og innihald.

Samstarf ráðherranefndarinnar á Eystrasaltssvæðinu beinist einkum að þróun svæðisins í heild sem „The Top of Europe“. Auk margra ára samstarfs við Eistland, Lettland og Litháen og Norðvestur-Rússland, er þróun samstarfs við Pólland og Þýskaland orðið mikilvægt vegna stefnu Evrópusambandsins um málefni Eystrasaltssvæðisins, en ráðherranefndin vinnur að því að hrinda framkvæmdaáætlun stefnunnar í framkvæmd á fjölda sviða. Samstarf á evrópskum vettvangi er samþætt starfi ráðherranefndarinnar, sem einnig tekur virkan þátt í framkvæmd Norðlægu víddarinnar og þróun samstarfsverkefna. Auk samstarfs við ESB, á ráðherranefndin einnig náði samstarf við önnur svæðisbundin ráð á svæðinu þar sem unnið er að því að efla og styrkja samstarfið.

Í samstarfi við Eystrasaltsríkin er lögð áhersla á menntun, rannsóknir, nýsköpun, umhverfismál og loftslagsmál. Samstarf við Norðvestur-Rússland beinist að menntun, rannsóknum og nýsköpun, umhverfismálum, loftslags- og orkumálum, og að því að efla borgarlegt samfélag og lýðræði og styrkja skilyrði fyrir samstarf um efnahagsmál og viðskipti. Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen og í Norðvestur-Rússlandi gegna mikilvægu hlutverki fyrir þróun samstarfs á Eystrasaltssvæðinu og á Barentssvæðinu.

Í starfsemi ráðherranefndarinnar gagnvart Hvíta-Rússlandi er lögð áhersla á að styrkja Evrópska Hugvísindaháskólann (EHU) í Vilnús með *EHU Trust Fund* sem er í umsjá NMR



